

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Lýtingur, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. júní 2014, óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Lýting frá 26. maí 2011. Breytingin felur í sér að svæðið er stækkað um 1,1 ha og skiptist sú viðbót á milli lóða nr. F4 og F5. Lóðamörk verða færð í girðingu umhverfis svæðið og breytast því lóðamörk lítillaga við það. Tillagan hefur hlotið málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Árbakki, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. júní 2014, óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Árbakka frá 14. september 2006. Breytingin felst í því að fyrirhuguð reiðhöll færist til innan lóðar. Tillagan hefur hlotið málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hellu, 20. júní 2014.

Haraldur Birgir Haraldsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 4. júlí 2014